

24. mars 2021
Tilvísun: 2001783

Dreifibréf númer: 19/2021
til eftirlitsskyldra aðila

Efni: Nýtt kerfi vegna fráviktilkynninga eftirlitsskyldra aðila

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið) hefur tekið í notkun nýtt kerfi fyrir fráviktilkynningar frá eftirlitsskyldum aðilum. Tilkynningar vegna frávika ber að senda á hinu nýja formi til Fjármálaeftirlitsins frá og með 6. apríl nk.

Líkt og fram kemur í hluta 5.2 í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019, vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, byggir hið nýja frávikakerfi á umgjörð sem gildir um frávik samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2366, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (PSD2 tilskipunin). Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA) varðandi tilkynningar vegna meiri háttar frávika og hefur heimfært þær upp á eftirlitsskylda aðila með því að aðlaga þau viðmið sem koma fram í viðmiðunarreglunum og varða afmörkun á frávikum. Sjá nánar hér: <https://www.eba.europa.eu/eba-consults-revision-guidelines-major-incident-reporting-under-psd2>

Notast skal við viðmið Fjármálaeftirlitsins um hvað telst vera frávik þegar þau eru tilkynnt, en viðmiðin má finna í [meðfylgjandi leiðbeiningum](#). Vakin er athygli á að fráviktilkynningum og framvinduskýrslum ber að skila í gagnaskilakerfi Fjármálaeftirlitsins í samræmi við framangreindar leiðbeiningar en ekki í þjónustugátt Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir